

Safnið opnað

Þann 15. febrúar 2001 var ráðinn í nýja stöðu héraðsskjalavardar, Sólveig Magnúsdóttir bókasafnsfræðingur. Var þá hafist handa við að koma skjalasafninu á laggirnar og húsnæði á jarðhæð Kjarna tekid og innréttað með þarfir skjalasafnsins í huga.

Kaupá þurfti inn allan búnað, s.s. skjalasápa, skrifborð, stóla, ljósrítunarvél osfrv. og í september var allt komið í hús og vinnu við endurbætur að mestu lokið.

Þann 24. október 2001 var safnið formlega opnað og boðið til veislu að því tilefni í skjalasafninu. Þá skrifaði Þjóðskjalavörður, Ólafur Ásgeirsson undir samþykkt um safnið.

Aðföng

Á árinu 2001 voru 8 skjalaafhendingar skráðar á aðfangalista. Helmingurinn af afhendingunum voru frá einstaklingum en binar fjórar frá stofnun innan bæjarins og félögum í bænum. Töluvert magn af líkræðum, húskveðjum og annarkonar ræðum úr eigu séra Magnúasar Þorsteinssonar sem var prestur á Mosfelli í byrjun síðustu aldar barst safninu til varðveislu.

Einnig voru afhent til safnsins einkaskjöl Guðmundar Jónssonar og Ingibjargar Pétursdóttur frá Reykjum ásamt ýmsu öðru ekki síður merkilegu og er öll aðfangaskráin birt hér á eftir.

Starfsemin

Fáeinir fyrirspurnir bárust og bæjarbúar fóru smátt og smátt að verða meðvitadír um safnið. Árið fór að miklu leyti í að héraðsskjalavörður kynnti sér starfsemi annara héraðsskjalasafna og þeirri starfsemi sem þar fer fram og setja sig inn í mál er varða héraðsskjalasöfnin.

Annað

Sólveig Magnúsdóttir er eini starfsmaður safnsins í 1/2 stöðu. Safnið er opið þriðjudaga og miðvikudaga kl. 10:00-12:00.

Aðfangaskrá..

2001-01. EF - Einkaskjöl félaga. Kirkjukór Mosfellskirkju og Lágafellskirkju. Tvær mætingabækur kirkjukórsfélaga.

Afh. af Sigurði Hreiðari Hreiðarssyni 19. mars 2001.

2001-02. EF-4 - Einkaskjöl félaga. Rótaryklúbbur Mosfellssveitar. 6 fundargerðarbækur og 1 gestabók.

Afh. af Georg H. Tryggvasyni 26. mars 2001.

2001-03. ES - Einkaskjöl stofnana. Gagnfræðaskóli Mosfellsbæjar. 13 fundargerðarbækur, 1 prófbók, reikningar frá nemendasjóði skólans, 3 bréf til Fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, 2 bréf til skólanefndar grunnskólans í Mosfellssveit, skýrsla um rekstur íþróttahúss og 3 bréf.
Afh. af Sólveigu Jensdóttur 12. júní 2001.

2001-04. ES – Einkaskjöl stofnana. Gagnfræðaskóli Mosfellsbæjar. Fundargerðabækur, nemendaskrár (kladdar), samræmdpróf og vorpróf, bréfasafn, vinnuskýrslur, ráðningasamningar.
Afh. af Sólveigu Jensdóttur í ágúst 2001.

2001-05. EE - Einkaskjöl einstaklinga. Ungmennafélagið Afturelding. Kassi með ýmsu frá UMFA 1920-1930, nokkrar ræður séra Magnúsar Þorsteinssonar, Mosfelli.
Afh. af Halldóri Lárussyni og Úlfhildi Hermannsdóttur október 2001.

2001-06. EE-4 – Einkaskjöl einstaklinga. Albúm frá landsmóti ungmennafélaga að Laugum ofl. Myndir UMFA ásamt filmum.
Afh. af Hallfríði Georgsdóttur 12. október 2001.

2001-07. EE-1 – Einkaskjöl einstaklinga. B/1-B/6- Alls 6 kassar. 1890-1990. Einkaskjalasafn Guðmundar Jónssonar skipstjóra og Ingibjargar Pétursdóttur húsfreyju að Reyjum í Mosfellssveit. Ýmis bréf, vottorð, bókhaldsgögn og dagbækur. Geymsluskrá fylgdi.
Afh. af Jóni M. Guðmundssyni, Mosfellsbæ 24. október 2001.

2001-08. 1929-1997. **EE-5** – Einkaskjöl einstaklinga. Einkaskjalasafn Þ. Magnúsar Þorlákssonar bónda á Blikastöðum. Umslag með bréfum, greinagerðum og úrklippum.
Afh. af Sigsteini Pálssyni 9. nóvember 2001.



Ólafur Asgeirsson þjóðskjalavörður skrifar undir samþykkt um Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar við opnun safnsins 24. október 2001.